

## GJALDSKRÁ

### vegna meðhöndlunar úrgangs í Flóahreppi.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Sorphirðugjald er innheimt af öllu íbúðarhúsnæði í Flóahreppi samkvæmt gildandi lögum og samþykkt nr. 1198/2019 um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi, hverju sinni. Sorphirðugjald miðast við stærð og losunartíðni íláta fyrir heimilísúrgang samkvæmt fyrrgreindri samþykkt. Þann 1. janúar 2023 taka gildi breytingar á lögum nr. 55/2003 sem kalla á flokkun í fjóra flokka ásamt sérsöfnun á grenndarstöðvum fyrir málma, gler og textíl. Fjögur gunnilát eru við heimili: fyrir lífrænan úrgang, almennan úrgang, plast og pappír/pappa.

Möguleikar á ílátum fyrir heimilísúrgang í sveitarfélaginu eru eftirfarandi:

<i>Stærð íláts</i>	<i>Tíðni losana</i>	<i>Samtals kostnaður</i>
140 lítra lífrænn úrgangur	15 á ári	20.081 kr. á ári
240 lítra almennur úrgangur	13 á ári	32.406 kr. á ári
660 lítra almennur úrgangur	13 á ári	48.609 kr. á ári
1.100 lítra almennur úrgangur	13 á ári	72.914 kr. á ári
360 lítra plast til endurvinnslu	7 á ári	14.000 kr. á ári
660 lítra plast til endurvinnslu	7 á ári	14.000 kr. á ári
360 lítra pappír/pappi til endurvinnslu	7 á ári	21.490 kr. á ári
660 lítra pappír/pappi til endurvinnslu	7 á ári	21.490 kr. á ári

Óski íbúar eftir stærri eða minni ílátum greiða þeir fyrir nýtt ílát og umsýslukostnað samkvæmt verðskrá þjónustuaðila. Mikilvægt er að sótt sé um allar breytingar á stærðum íláta hjá skrifstofu Flóahrepps. Íbúar greiða fyrir nýja tunnu en sveitarfélagið tekur gamla tunnu upp í.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald og gjaldtaka á söfnunarstöð.*

Sorpeyðingargjald er innheimt af öllu húsnæði í Flóahreppi og er eftirfarandi:

Atvinnurekstur, lögbýli:	25.888 kr.
Íbúðar- og fristundahús:	21.244 kr.
Atvinnurekstur/iðnaðarlóðir:	46.559 kr.

Gjaldið tekur til reksturs sorpkerfisins s.s. reksturs grenndar- og söfnunarstöðva ásamt förgunar- og endurvinnsluleiðum. Gjaldtakan veitir aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilísúrgangi.

Allir fasteignareigendur sem greiða sorpeyðingargjald fá afhent inneignarkort sem gildir sem aðgangur að söfnunarstöð í Hrísmýri á Selfossi. Nánari útfærslur á fyrirkomulagi inneignar munu fylgja inneignarkorti í janúar 2023.

Á söfnunarstöð er tekið á móti almennu sorpi, grófum úrgangi, málmum, brotajárni, lituðu timbri auk spilliefna, raftækja og annars sem telst sorp frá heimilum og fyrirtækjum og skal greitt fyrir móttöku samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar magn er umfram rétt samkvæmt inneignarkorti.

#### 4. gr.

##### *Gjald dagar.*

Gjald dagar sorphirðu- og sorpeyðingargjalda skulu vera þeir sömu og fasteignagjalda og skal innheimtu gjaldanna hagað á sama hátt.

5. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps með heimild í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi nr. 1198/2019 og öðlast þegar gildi. Gjaldskrá nr. 1542/2020 um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi, fellur úr gildi.

*Flóahreppi, 15. desember 2022.*

**Hulda Kristjánsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 19. janúar 2023